



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

*Alþingi  
Erindi nr. P 138/655  
komudagur 10.12.2009*


Til viðskiptanefndar Alþingis  
Alþingi 150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2009

Óskað hefur verið eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða við 228. máli frumvarp til breytinga á lögum um greiðslukostnað við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (gjöld á eftirlitsskyldar fjármálastofnanir).

Landssamtök lífeyrissjóða vísa í athugasemdir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sem greint er frá í fylgiskjölum með frumvarpinu.

Einnig vilja samtökin koma þeirri athugasemd á framfæri að samkvæmt framlögðu yfirliti um skiptingu eftirlitsgjalds og skráðra vinnutíma hjá FME kemur fram að skráðir vinnutímar vegna lífeyrissjóða hafi numið að meðaltali s.l. þrjú ár 10-11%, en hlutfall álagningargjalds á árinu 2009 er áætlað 18.2% og 15.4% á árinu 2010. Þarna er um augljóst misræmi að ræða sem þarf að taka til endurskoðunar í meðförum viðskiptanefndar Alþingis.

Virðingarfyllt  
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA  
  
Árafni Magnússon